

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



Reykjavík 26. febrúar 2016
UST201602-109/K.S.J.
10.04.03

Efni: Fjarðabyggð. Tillaga að deiliskipulag fyrir urðunarstað í landi Þernuness.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi urðunarstaðar í landi Þernuness í Fjarðabyggð.

Skipulagssvæðið

Ofangreind tillaga að deiliskipulagi nær yfir 31,1 ha svæði og þar er gert ráð fyrir urðun á allt að 4000 tonnum á ári. Urðunarsvæðin eru tvö, Auratún og Mýrdalur og eru staðsett í landi Þernuness.

Jarðfræði

Í greinargerð kemur fram að Mýrdalur er uppburrkuð mýri og Auratún er staðsett á malarhjöllum. Einnig kemur fram að bæði svæðin eru ofan á tertíerum berggrunni sem sé tiltölulega þéttur. Umhverfisstofnun bendir á að í umsókn um starfsleyfi kemur fram að botn Mýrdals er ekki nægilega þéttur og að sótt er um undanþágu í starfsleyfi vegna þess. Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt er að komið sé í veg fyrir að sigvatn fari ofan í berggrunninn/grunnvatn.

Sigvatsbrunnar


Umhverfisstofnun bendir á að í nýju starfsleyfi kemur til með að vera krafa um grunnvatnsmælingar. Stofnunin bendir á að í deiliskipulagi þarf að koma fram hver er áætluð staðsetning þriggja grunnvatnsbrunna. Stofnunin bendir á að einn grunnvatnsbrunnur þarf að vera staðsettur fyrir ofan urðunarsvæðin og tveir grunnvatnsbrunnar þurfa að vera staðsettir fyrir neðan urðunarsvæðin.

Vatnafar

Í umfjöllun um vatnafar kemur fram að lítill lækur rennur frá Mýrdal og að í melnum undir Auratúni safnist grunnvatn sem líklega vætli í Landamótsá. Umhverfisstofnun tekur undir að það vatn sem rennur í Landamótsá og til sjávar mun verða hreinsað sigvatn skv. áætlunum.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri